

**Menningar- og viðskiptaráðuneytið
skrifstofa viðskipta- og ferðamála
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík**

Sent rafrænt í gegnum Samráðsgáttina

Kópavogur, 6. desember 2022

Umsögn Deloitte ehf. um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.), birt 22. nóvember 2022.

Breytingunni á lögum var ætlað að taka af vafa um hvaða siðareglur gilda fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við teljum að þurfi að taka skýrar á því en gert er í þessum breytingum og lesa má út úr greinagerðinni sem fylgir frumvarpsdrögum.

Í greinagerðinni segir í tilefniskaflanum:

„[...] leggja áherslu á innihald hugtaksins góð endurskoðunarvenja með því að hugtakið nái einnig um siðareglur endurskoðenda þannig að endurskoðendur fylgi þeim siðareglum sem nýjastar eru á þeirra sviði á hverjum tíma [...] „

Þá segir í greinagerðinni um breytingu á 2. gr. :

„[...]Góð endurskoðunarvenja nær þannig einnig til siðareglna sem endurskoðunarstéttin hefur sett sér, sem birtast m.a. í þeim siðareglum sem IFAC hefur gefið út og þýddar hafa verið af FLE og birtar á vef félagsins. Siðareglurnar sem útgefnar eru af IFAC eru yfirgripsmikil yfirlýsing um þau gildi og þær meginreglur sem ættu að vera til leiðbeiningar í daglegum störfum endurskoðenda til að viðhalda viðurkenndu verklagi endurskoðendastéttarinnar [...]“

Þegar ofangreint er lesið þá er hægt að hafa þann skilning að Siðareglurnar sem FLE hefur birt séu jafngildar IFAC siðareglunum. En FLE siðareglurnar hafa eins og nefnt er í greinagerðinni ekki verið uppfærðar síðan 2010 á meðan IFAC reglurnar hafa og munu taka ítrekuðum breytingum.

Til að taka allan vafa af hvaða reglur gilda teljum við til bóta að það sé skýrt tekið fram í lögum að það sé átt við siðareglur IFAC eins og þær hafa verið birtar á hverjum tíma og ekki vísa til FLE reglnanna sem hafa ekki verið uppfærðar.

Í 14. gr. frumvarpsdraganna er lagt til gera breytingar á ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006 er lýtur að opinberri birtingu hjá ársreikningaskrá varðandi upplýsingar um hluthafa félaga en Persónunefnd taldi ákvæðið ekki nægilega skýrt eftir að ársreikningar voru gerðir aðgengilegir á

opinberu vefsvæði með breytingu á lögum um ársreikninga nr. 102/2020. Þá kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að tryggja að upplýst sé um hluthafa hlutafélaga og einkahlutafélaga í ársreikningi viðkomandi félags.

Íslenskum félögum er nú þegar skylt skv. 65. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, að senda ársreikningaskrá skrá yfir nöfn og kennitölur allra hluthafa samhliða skilum á ársreikningi, auk þess sem Skatturinn fær þær upplýsingar sendar árlega vegna framtalsgerðar. Óljóst er hvaða grundvöllur er fyrir því að birta með opinberum hætti hluthafalista allra hlutafélaga og einkahlutafélaga, sérstaklega þegar kemur að einstaklingum. Vinnsla persónuupplýsinga þarfnast lögmæts og málefnalegs grundvallar og gengur slík birting ansi langt gagnvart stjórnarskrárvörðum rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Birting upplýsinga kann að vera nauðsynleg þegar eignarhald fer yfir ákveðin mörk eða í tilfalli tíu stærstu hluthafa félags, samkvæmt lögfestu fyrirkomulagi, en umrædd breytingartillaga gengur ansi langt án þess að rökstutt sé hver hin raunverulega nauðsyn sé fyrir breytingunni.

Virðingarfyllst,
Deloitte ehf.